

AUGLÝSING

um alþjóðasamning um stjórnun hvalveiða.

Hinn 8. júní 2001 var bandaríska utanríkisráðuneytinu afhent aðildarskjal Íslands vegna alþjóðasamnings um stjórnun hvalveiða sem gerður var í Washington 2. desember 1946 og bókunar við samninginn sem gerð var í Washington 19. nóvember 1956. Fyrirvari var gerður við e-lið 10. mgr. fylgiskjals með samningnum sem kveður á um núllkvóta að því er varðar hvalveiðar í atvinnuskyni. Fyrirvarinn er óaðskiljanlegur hluti aðildarskjalsins. Samningurinn og bókunin öðluðust gildi að því er Ísland varðar 8. júní 2001.

Samningurinn er birtur sem fylgiskjal 1 með auglýsingu þessari og bókunin sem fylgiskjal 2. Fylgiskjalið með samningnum liggur frammi í utanríkisráðuneytinu þar sem unnt er að fá aðgang að því.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utanríkisráðuneytinu, 14. júní 2001.

Halldór Ásgrímsson.

Sverrir Haukur Gunnlaugsson.

Fylgiskjal 1.

ALPJÓÐASAMNINGUR um stjórnun hvalveiða.

RÍKISSTJÓRNIR ÞÆR, en fulltrúar þeirra, sem til þess hafa fullt umboð, hafa ritað nöfn sín hér undir,

VIÐURKENNA þá hagsmuni þjóða heims að varðveita fyrir komandi kynslóðir þá miklu náttúruauðlind sem hvalastofnar eru,

TELJA að saga hvalveiða hafi leitt í ljós að ofveiði hafi verið stunduð á einu svæði eftir öðru og á einni tegund eftir annarri í þeim mæli að nauðsyn beri til að vernda allar hvalategundir fyrir frekari ofveiði,

VIÐURKENNA að náttúruleg fjölgun hvalastofna geti orðið sé hvalveiðum stjórnað á réttan hátt og að stækkun hvalastofna muni leyfa fjölgun á þeim hvöllum sem óhætt er að veiða án þess að náttúruauðlind þessari sé hætta búin,

VIÐURKENNA að það sé í allra þágu að ná fram sem mestum vexti og viðgangi hvalastofna, eins fljótt og auðið er, án þess að valda útbreiddri efnahagslegri neyð og næringarskortu,

VIÐURKENNA að á meðan þessum markmiðum sé náð beri að takmarka hvalveiðar við þær tegundir, sem eru best til þess fallnar að þola nýtingu, í því skyni að gera hlé til þess að tiltekna hvalategundir, þar sem einstaklingum hefur fækkað vegna rányrkju, geti náð sér,

INTERNATIONAL CONVENTION for the Regulation of Whaling

THE GOVERNMENTS whose duly authorised representatives have subscribed hereto,

RECOGNIZING the interest of the nations of the world in safeguarding for future generations the great natural resources represented by the whale stocks;

CONSIDERING that the history of whaling has seen over-fishing of one area after another and of one species of whale after another to such a degree that it is essential to protect all species of whales from further over-fishing;

RECOGNIZING that the whale stocks are susceptible of natural increases if whaling is properly regulated, and that increases in the size of whale stocks will permit increases in the number of whales which may be captured without endangering these natural resources;

RECOGNIZING that it is in the common interest to achieve the optimum level of whale stocks as rapidly as possible without causing widespread economic and nutritional distress;

RECOGNIZING that in the course of achieving these objectives, whaling operations should be confined to those species best able to sustain exploitation in order to give an interval for recovery to certain species of whales now depleted in numbers;

HAFÁ HUG Á að koma á alþjóðlegu stjórnkerfi hvalveiða í því skyni að tryggja að verndun og þróun hvalastofna verði með eðlilegum og skilvirkum hætti og reist á grundvelli meginreglna ákvæða alþjóðasamningsins um stjórnun hvalveiða, sem var undirritaður í London 8. júní 1937, og bókananna við hann, sem voru undirritaðar í London 24. júní 1938 og 26. nóvember 1945, og

EFTIR AÐ HAFÁ ÁKVEÐIÐ að gera samning þar sem kveðið er á um eðlilega verndun hvalastofna og þannig gert kleift að þróa hvalveiðar sem atvinnugrein með skipulögðum hætti, HAFÁ ORÐIÐ ÁSÁTTAR um eftirfarandi:

I. gr.

1. Samningur þessi inniheldur fylgiskjal sem er óaðskiljanlegur hluti hans. Allar tilvísanir til „samningsins“ eru og tilvísanir til fyrrnefnds fylgiskjals, annaðhvort samkvæmt núgildandi skilmálum þess eða með áorðnum breytingum samkvæmt ákvæðum V. gr.
2. Samningur þessi gildir um verksmiðjuskip, landstöðvar og hvalfangara í lögsögu samningsríkisstjórnanna og um öll hafsvæði þar sem fyrrnefnd verksmiðjuskip, landstöðvar og hvalfangarar stunda hvalveiðar.

II. gr.

Í samningi þessum hafa eftirfarandi hugtök þá merkingu sem hér greinir:

1. „verksmiðjuskip“ merkir skip þar sem hvalir eru meðhöndlaðir í eða um borð að öllu leyti eða að hluta;
2. „landstöð“ merkir verksmiðju í landi þar sem hvalir eru meðhöndlaðir að öllu leyti eða að hluta;
3. „hvalfangari“ merkir skip sem þjónar því hlutverki að veiða, fanga, toga, hafa tak á eða leita að hvöllum;
4. „samningsríkisstjórn“ merkir ríkisstjórn sem hefur afhent skjal um fullgildingu til vörslu eða tilkynnt um aðild sína að samningi þessum.

III. gr.

1. Samningsríkisstjórnirnar eru sammála um að setja á stofn Alþjóðahvalveiðiráð, hér á eftir nefnt „ráðið“, skipað einum fulltrúa hvorrar samningsríkisstjórnar. Hver meðlimur fer með eitt atkvæði og má hafa einn eða fleiri sérfræðinga eða ráðgjafa sér til fulltingis.

DESIRING to establish a system of international regulation for the whale fisheries to ensure proper and effective conservation and development of whale stocks on the basis of the principles embodied in the provisions of the International Agreement for the Regulation of Whaling, signed in London on 8th June, 1937, and the protocols to that Agreement signed in London on 24th June, 1938, and 26th November, 1945; and

HAVING DECIDED to conclude a convention to provide for the proper conservation of whale stocks and thus make possible the orderly development of the whaling industry;

HAVE AGREED as follows:

Article I

1. This Convention includes the Schedule attached thereto which forms an integral part thereof. All references to “Convention” shall be understood as including the said Schedule either in its present terms or as amended in accordance with the provisions of Article V.
2. This Convention applies to factory ships, land stations, and whale catchers under the jurisdiction of the Contracting Governments and to all waters in which whaling is prosecuted by such factory ships, land stations, and whale catchers.

Article II

As used in this Convention:

1. “Factory ship” means a ship in which or on which whales are treated either wholly or in part;
2. “Land station” means a factory on the land at which whales are treated whether wholly or in part;
3. “Whale catcher” means a ship used for the purpose of hunting, taking, towing, holding on to, or scouting for whales;
4. “Contracting Government” means any Government which has deposited an instrument of ratification or has given notice of adherence to this Convention.

Article III

1. The Contracting Governments agree to establish an International Whaling Commission, hereinafter referred to as the Commission, to be composed of one member from each Contracting Government. Each member shall have one vote and may be accompanied by one or more experts and advisers.

2. Ráðið kýs forseta og varaforseta úr hópi eigin meðlima og setur sér starfsreglur. Ákvarðanir eru teknar í ráðinu af einföldum meirihluta þeirra meðlima ráðsins sem atkvæði greiða, með þeirri undantekningu þó að atkvæði þriggja fjórðu hluta þeirra meðlima ráðsins, sem atkvæði greiða, þarf til þess að samþykkja aðgerðir í samræmi við V. gr. Í starfsreglunum er heimilt að kveða á um að ákvarðanatáka geti farið fram með öðrum hætti en á fundum ráðsins.
3. Ráðinu er heimilt að tilnefna eigin framkvæmdastjóra og starfslíð.
4. Ráðinu er heimilt að stofna nefndir, skipaðar eigin meðlimum og sérfræðingum eða ráðgjöfum, eftir því sem það telur við hæfi og skulu þær gegna þeim störfum sem það kann að fá þeim.
5. Ríkisstjórn hvers meðlims í ráðinu um sig skal ákvarða útgjöld hans og sérfræðinga hans og ráðgjafa.
6. Þar eð viðurkennt er af hálfu samningsríkisstjórnanna að sérstofnanir Sameinuðu þjóðanna muni láta sig verndun og þróun hvalveiða og afurða frá þeim varða og þar eð samningsríkisstjórnirnar hafa hug á að koma í veg fyrir tvíverknað munu þær hafa samráð sín á milli, innan tveggja ára frá því að samningur þessi öðlast gildi, í því skyni að ákveða hvort ráðið skuli taka á sig mynd sérstofnunar á vegum Sameinuðu þjóðanna.
7. Meðan þess er beðið skal ríkisstjórn Hins sameinaða konungsríkis Stóra-Bretlands og Norður-Írlands gera ráðstafanir, í samráði við hinar samningsríkisstjórnirnar, til þess að kalla saman fyrsta fund ráðsins og hefja samráðið sem um getur í 6. mgr. hér að framan.
8. Kalla ber saman fundi í ráðinu eftir það samkvæmt ákvörðun þess.
2. The Commission shall elect from its own members a Chairman and Vice-Chairman and shall determine its own Rules of Procedure. Decisions of the Commission shall be taken by a simple majority of those members voting except that a three-fourths majority of those members voting shall be required for action in pursuance of Article V. The Rules of Procedure may provide for decisions otherwise than at meetings of the Commission.
3. The Commission may appoint its own Secretary and staff.
4. The Commission may set up, from among its own members and experts or advisers, such committees as it considers desirable to perform such functions as it may authorize.
5. The expenses of each member of the Commission and of his experts and advisers shall be determined by his own Government.
6. Recognizing that specialized agencies related to the United Nations will be concerned with the conservation and development of whale fisheries and the products arising therefrom and desiring to avoid duplication of functions, the Contracting Governments will consult among themselves within two years after the coming into force of this Convention to decide whether the Commission shall be brought within the framework of a specialized agency related to the United Nations.
7. In the meantime the Government of the United Kingdom of Great Britain and Northern Ireland shall arrange, in consultation with the other Contracting Governments, to convene the first meeting of the Commission, and shall initiate the consultation referred to in paragraph 6 above.
8. Subsequent meetings of the Commission shall be convened as the Commission may determine.

IV. gr.

1. Ráðinu er heimilt, annaðhvort í samvinnu við eða fyrir milligöngu óháðra stofnana á vegum samningsríkisstjórnanna eða annarra opinberra eða einkarekinna stofnana, fyrirtækja eða samtaka eða með sjálfstæðum hætti:
 - a) að stuðla að, mæla með eða skipuleggja, beri nauðsyn til þess, kannanir og rannsóknir á hvöllum og hvalveiðum;
 - b) að safna og gera grein fyrir talnagögnum um ástand og þróun hvalastofna um þessar mundir og áhrif veiða á þá;
1. The Commission may either in collaboration with or through independent agencies of the Contracting Governments or other public or private agencies, establishments, or organizations, or independently
 - (a) encourage, recommend, or if necessary, organize studies and investigations relating to whales and whaling;
 - (b) collect and analyze statistical information concerning the current condition and trend of the whale stocks and the effects of whaling activities thereon;

- c) að kanna, meta og dreifa upplýsingum um leiðir til þess að viðhalda hvalastofnum og stækka þá.
2. Ráðið skal gera ráðstafanir til þess að birta skýrslur um starfsemi sína og því er heimilt að birta skýrslur, sem það telur viðeigandi að gera, eitt sér eða í samvinnu við Alþjóðlega hvalveiðigagnabankann í Sandefjord í Noregi og önnur samtök og stofnanir, og talna- og vísindagögn og aðrar viðeigandi upplýsingar um hvali og hvalveiðar.

V. gr.

1. Ráðinu er heimilt að breyta ákvæðum fylgiskjalsins eftir þörfum með því að samþykka reglur um verndun og nýtingu hvalaauðlindarinnar sem kveða á um a) verndaðar tegundir og tegundir sem ekki njóta verndar, b) veiðitíma og tíma þar sem veiðar eru bannaðar, c) hafsvæði þar sem veiðar eru leyfðar og þar sem veiðibann ríkir, meðal annars afmörkun gríðasvæða, d) stærðarmörk hverrar tegundar um sig, e) veiðitíma og -aðferðir og sóknarkraft með tilliti til hvalveiða (m.a. hámarksafla af hvólum á hverju veiðitímabili), f) gerð og lýsingu veiðarfæra og tækja og búnaðar sem er heimilt að nota, g) mæliaðferðir og h) aflskýrslur og aðrar tölfræðilegar og lífræðilegar upplýsingar.
2. Fyrirnefndar breytingar á fylgiskjalinu skulu a) vera þær sem er nauðsynlegt að gera til þess að ná fram settum markmiðum og tilgangi með samningi þessum og að tryggja verndun, þróun og hámarksnýtingu hvalaauðlindarinnar, b) byggðar á niðurstöðum vísindarannsókna, c) hvorki kveða á um takmörkun á fjölda verksmiðjuskipa eða landstöðva eða á því hvers lenskar þau eða þær eru né um úthlutun sérstakra kvóta til verksmiðjuskipa eða landstöðva eða til hópa verksmiðjuskipa eða landstöðva og d) taka tillit til hagsmuna neytenda hvalaafurða og hvalveiða sem atvinnugreinar.
3. Sérhver slík breyting skal öðlast gildi gagnvart samningsríkisstjórnunum níutíu dögum eftir að ráðið tilkynnir hverri samningsríkisstjórn um sig um breytinguna, með þeirri undantekningu að a) afhendi ríkisstjórn ráðinu mótmæli sín gegn breytingu áður en fyrirnefndur níutíu daga frestur er útrunninn skal breytingin ekki öðlast gildi gagnvart neinni ríkisstjórn í níutíu daga til viðbótar, b) að svo

- (c) study, appraise, and disseminate information concerning methods of maintaining and increasing the populations of whale stocks.
2. The Commission shall arrange for the publication of reports of its activities, and it may publish independently or in collaboration with the International Bureau for Whaling Statistics at Sandefjord in Norway and other organizations and agencies such reports as it deems appropriate, as well as statistical, scientific, and other pertinent information relating to whales and whaling.

Article V

1. The Commission may amend from time to time the provisions of the Schedule by adopting regulations with respect to the conservation and utilization of whale resources, fixing (a) protected and unprotected species; (b) open and closed seasons; (c) open and closed waters, including the designation of sanctuary areas; (d) size limits for each species; (e) time, methods, and intensity of whaling (including the maximum catch of whales to be taken in any one season); (f) types and specifications of gear and apparatus and appliances which may be used; (g) methods of measurement; and (h) catch returns and other statistical and biological records.
2. These amendments of the Schedule (a) shall be such as are necessary to carry out the objectives and purposes of this Convention and to provide for the conservation, development, and optimum utilization of the whale resources; (b) shall be based on scientific findings; (c) shall not involve restrictions on the number or nationality of factory ships or land stations, nor allocate specific quotas to any factory ship or land station or to any group of factory ships or land stations; and (d) shall take into consideration the interests of the consumers of whale products and the whaling industry.
3. Each of such amendments shall become effective with respect to the Contracting Governments ninety days following notification of the amendment by the Commission to each of the Contracting Governments, except that (a) if any Government presents to the Commission objection to any amendment prior to the expiration of this ninety-day period, the amendment shall not become effec-

búnu getur hver önnur samningsríkisstjórn afhent mótmæli sín gegn breytingunni hvenær sem er áður en níutíu daga viðbótarfresturinn er liðinn eða áður en þrjátíu dagar eru liðnir frá viðtökudegi síðustu mótmæla sem berast innan fyrrnefnds níutíu daga viðbótarfrests, hvor dagsetningin sem er síðar, og c) þar eftir öðlast breytingin gildi gagnvart öllum samningsríkisstjórnnum, sem hafa ekki hreyft mótmælum, en skal ekki öðlast gildi gagnvart ríkisstjórnnum, sem mótmælt hafa með fyrrgreindum hætti, fyrr en þann dag er mótmælin eru dregin til baka. Ráðið skal tilkynna hverri samningsríkisstjórn um sig þegar í stað um viðtöku sérhverra mótmæla og sérhverrar afturköllunar og hver samningsríkisstjórn um sig skal staðfesta viðtöku allra tilkynninga um breytingar, mótmæli og afturköllun.

4. Engar breytingar skulu öðlast gildi fyrir 1. júlí 1949.

VI. gr.

Ráðinu er heimilt, eftir þörfum, að senda hvaða samningsríkisstjórn sem er, eða öllum, tilmæli um öll mál er tengjast hvöllum eða hvalveiðum og markmiðum og tilgangi með samningi þessum.

VII. gr.

Samningsríkisstjórnirnar skulu tryggja að tilkynningar, talnagögn og aðrar upplýsingar, sem er krafist samkvæmt samningi þessum, verði send Alþjóðlega hvalveiðigagnabankanum í Sandefjord í Noregi, eða annarri þeirri stofnun sem ráðið kann að tilnefna, með skjótum hætti og í því formi og með þeim hætti sem ráðið kann að mæla fyrir um.

VIII. gr.

1. Samningsríkisstjórnunum er heimilt, þrátt fyrir ákvæði þessa samnings, að veita ríkisborgurum sínum sérstök leyfi sem heimila þeim að aflífa, fanga og meðhöndla hvali í vísindaskyni með fyrirvara um fjöldatakmarkanir og skilyrði sem viðkomandi samningsríkisstjórn telur við hæfi og skulu aflífun, taka og meðhöndlun hvala, í samræmi við ákvæði þessarar greinar, undanþegnar fram-

tive with respect to any of the Governments for an additional ninety days; (b) thereupon, any other Contracting Government may present objection to the amendment at any time prior to the expiration of the additional ninety-day period, or before the expiration of thirty days from the date of receipt of the last objection received during such additional ninety-day period, whichever date shall be the later; and (c) thereafter, the amendment shall become effective with respect to all Contracting Governments which have not presented objection but shall not become effective with respect to any Government which has so objected until such date as the objection is withdrawn. The Commission shall notify each Contracting Government immediately upon receipt of each objection and withdrawal and each Contracting Government shall acknowledge receipt of all notifications of amendments, objections, and withdrawals.

4. No amendments shall become effective before 1st July, 1949.

Article VI

The Commission may from time to time make recommendations to any or all Contracting Governments on any matters which relate to whales or whaling and to the objectives and purposes of this Convention.

Article VII

The Contracting Government shall ensure prompt transmission to the International Bureau for Whaling Statistics at Sandefjord in Norway, or to such other body as the Commission may designate, of notifications and statistical and other information required by this Convention in such form and manner as may be prescribed by the Commission.

Article VIII

1. Notwithstanding anything contained in this Convention any Contracting Government may grant to any of its nationals a special permit authorizing that national to kill, take and treat whales for purposes of scientific research subject to such restrictions as to number and subject to such other conditions as the Contracting Government thinks fit, and the killing, taking, and treating of whales in accordance with the provisions of this Article

kvæmd samnings þessa. Hver samningsríkisstjórn um sig skal gefa ráðinu þegar í stað skýrslu um allar slíkar heimildir sem hún hefur veitt. Hver samningsríkisstjórn um sig getur hvenær sem er afturkallað öll slík sérstök leyfi sem hún hefur veitt.

2. Alla hvali, sem eru fangaðir samkvæmt fyrirnefndum sérstökum leyfum, skal vinna, eftir því sem aðstæður leyfa, og skal fara með afraksturinn í samræmi við leiðbeiningar þeirrar ríkisstjórnar sem veitti leyfið.
3. Hver samningsríkisstjórn um sig skal, eftir því sem aðstæður leyfa og eigi sjaldnar en með árs millibili, senda þeirri stofnun, sem ráðið kann að tilnefna, þau vísindagögn sem viðkomandi ríkisstjórn eru tiltæk og fjalla um hvali og hvalveiðar, meðal annars niðurstöður rannsókna sem eru unnar skv. 1. mgr. þessarar greinar og skv. IV. gr.
4. Þar eð samningsríkisstjórnirnar viðurkenna að samfelld söfnun og greining líffræðilegra gagna í tengslum við rekstur verksmiðjuskipa og landstöðva eru nauðsynleg forsenda þess að unnt sé að stjórna hvalveiðum á traustan og uppbyggjandi hátt munu þær gera allar raunhæfar ráðstafanir til þess að fá slík gögn afhent.

IX. gr.

1. Hver samningsríkisstjórn um sig skal gera viðeigandi ráðstafanir til þess að tryggja að ákvæði samnings þessa komi til framkvæmda og að refsað sé fyrir brot á fyrirnefndum ákvæðum þegar um ræðir rekstur sem einstaklingar eða skip, sem heyra undir lögsögu hennar, stunda.
2. Eigi skal greiða skyttum og áhafnarmedlimum hvalfangara ágóðahlutdeild eða aðra þóknun, sem er reiknuð út með hliðsjón af vinnuafköstum þeirra, vegna hvala sem bannað er að fanga samkvæmt samningi þessum.
3. Saksókn vegna brota gegn ákvæðum samnings þessa eða vegna þess að gengið er gegn ákvæðum hans skal hafin af þeirri ríkisstjórn sem hefur lögsögu yfir brotinu.
4. Hver samningsríkisstjórn um sig skal senda ráðinu allar upplýsingar um sérhvert brot gegn ákvæðum samnings þessa, sem einstaklingar fremja eða framin eru um borð í skipum sem heyra undir lögsögu viðkomandi ríkisstjórnar, eins og eftirlitsmenn hennar afhenda þær.

shall be exempt from the operation of this Convention. Each Contracting Government shall report at once to the Commission all such authorizations which it has granted. Each Contracting Government may at any time revoke any such special permit which it has granted.

2. Any whales taken under these special permits shall so far as practicable be processed and the proceeds shall be dealt with in accordance with directions issued by the Government by which the permit was granted.
3. Each Contracting Government shall transmit to such body as may be designated by the Commission, in so far as practicable, and at intervals of not more than one year, scientific information available to that Government with respect to whales and whaling, including the results of research conducted pursuant to paragraph 1 of this Article and to Article IV.
4. Recognizing that continuous collection and analysis of biological data in connection with the operations of factory ships and land stations are indispensable to sound and constructive management of the whale fisheries, the Contracting Governments will take all practicable measures to obtain such data.

Article IX

1. Each Contracting Government shall take appropriate measures to ensure the application of the provisions of this Convention and the punishment of infractions against the said provisions in operations carried out by persons or by vessels under its jurisdiction.
2. No bonus or other remuneration calculated with relation to the results of their work shall be paid to the gunners and crews of whale catchers in respect of any whales the taking of which is forbidden by this Convention.
3. Prosecution for infractions against or contraventions of this Convention shall be instituted by the Government having jurisdiction over the offence.
4. Each Contracting Government shall transmit to the Commission full details of each infraction of the provisions of this Convention by persons or vessels under the jurisdiction of that Government as reported by its inspectors. This information shall include a state-

Upplýsingarnar skulu innihalda yfirlýsingu um ráðstafanir sem hafa verið gerðar vegna brotsins og um álagðar refsingar vegna þess.

X. gr.

1. Fullgilda ber samning þennan og skal afhenda ríkisstjórn Bandaríkja Norður-Ameríku skjöl um fullgildingu til vörslu.
2. Öllum ríkisstjórnnum, sem hafa ekki undirritað samning þennan, er heimilt að gerast aðilar að honum eftir að hann öðlast gildi með skriflegri tilkynningu þar um til ríkisstjórnar Bandaríkja Norður-Ameríku.
3. Ríkisstjórn Bandaríkja Norður-Ameríku skal tilkynna öllum öðrum ríkisstjórnnum, sem hafa undirritað samninginn, og öllum ríkisstjórnnum, sem hafa gerst aðilar að honum, um sérhvert skjal um fullgildingu, sem er afhent til vörslu, og um aðild sem er móttekið.
4. Þegar minnst sex ríkisstjórnir, sem hafa undirritað samning þennan, hafa afhent skjöl sín um fullgildingu til vörslu, en ríkisstjórnir Bandaríkja Norður-Ameríku, Hins sameinaða konungsríkis Stóra-Bretlands og Norður-Írlands, Hollands, Noregs og Sovétríkjanna skulu vera í þeirra hópi, skal samningur þessi öðlast gildi gagnvart þessum ríkisstjórnnum og gagnvart sérhverri ríkisstjórn, sem fullgildir samninginn eða gerist aðili að honum eftir það, þann dag er hún afhendir skjal sitt um fullgildingu eða tekið er við tilkynningu hennar um aðild.
5. Ákvæði fylgiskjalsins gilda ekki fyrir 1. júlí 1948. Breytingar, gerðar á fylgiskjalinu skv. V. gr., gilda ekki fyrir 1. júlí 1949.

XI. gr.

Sérhverri samningsríkisstjórn er heimilt að segja samningi þessum upp hinn 30. júní hvaða ár sem er með því að tilkynna þeirri ríkisstjórn, sem er vörsluðili samningsins, um það hinn 1. janúar sama ár, eða fyrir þann dag, og skal hún senda hinum samningsríkisstjórnunum slíka tilkynningu tafarlaust eftir að hafa tekið við henni. Öllum öðrum samningsríkisstjórnnum er heimilt, á sama hátt og innan eins mánaðar frá viðtöku eintaks af fyrrnefndri tilkynningu frá ríkisstjórninni sem er vörsluðili, að tilkynna um uppsögn samningsins, sem þýðir að gildistíma hans lýkur 30. júní sama ár gagnvart þeirri ríkisstjórn sem tilkynnir þannig um uppsögn sína.

ment of measures taken for dealing with the infraction and of penalties imposed.

Article X

1. This Convention shall be ratified and the instruments of ratifications shall be deposited with the Government of the United States of America.
2. Any Government which has not signed this Convention may adhere thereto after it enters into force by a notification in writing to the Government of the United States of America.
3. The Government of the United States of America shall inform all other signatory Governments and all adhering Governments of all ratifications deposited and adherences received.
4. This Convention shall, when instruments of ratification have been deposited by at least six signatory Governments, which shall include the Governments of the Netherlands, Norway, the Union of Soviet Socialist Republics, the United Kingdom of Great Britain and Northern Ireland, and the United States of America, enter into force with respect to those Governments and shall enter into force with respect to each Government which subsequently ratifies or adheres on the date of the deposit of its instrument of ratification or the receipt of its notification of adherence.
5. The provisions of the Schedule shall not apply prior to 1st July, 1948. Amendments to the Schedule adopted pursuant to Article V shall not apply prior to 1st July, 1949.

Article XI

Any Contracting Government may withdraw from this Convention on 30th June, of any year by giving notice on or before 1st January, of the same year to the depositary Government, which upon receipt of such a notice shall at once communicate it to the other Contracting Governments. Any other Contracting Government may, in like manner, within one month of the receipt of a copy of such a notice from the depositary Government give notice of withdrawal, so that the Convention shall cease to be in force on 30th June, of the same year with respect to the Government giving such notice of withdrawal.

Dagsetning samningsins skal fara saman við þann dag er hann er opnaður til undirritunar og skal hann opinn til undirritunar í fjórtán daga eftir þann dag.

ÞESSU TIL STAÐFESTU hafa fulltrúar, sem til þess hafa fullt umboð, undirritað samning þennan.

GJÖRT í Washington 2. desember 1946 á ensku og skal frumrit það afhent skjalasafni ríkisstjórnar Bandaríkja Norður-Ameríku til vörslu. Ríkisstjórn Bandaríkja Norður-Ameríku skal senda öllum öðrum ríkisstjórnnum, sem hafa undirritað samninginn eða gerst aðilar að honum, staðfest eintök af frumriti samningsins.

Fylgiskjal 2.

BÓKUN við alþjóðasamninginn um stjórnun hvalveiða.

Ríkisstjórnirnar, sem eru aðilar að alþjóðasamningnum um stjórnun hvalveiða, er var undirritaður í Washington 2. desember 1946 og hér á eftir er nefndur hvalveiðisamningurinn frá 1946, og hafa hug á að rýmka gildissvið hans í því skyni að fella þyrlur og önnur loftför undir það og að auka ákvæðum um eftirlitsaðferðir við þau ákvæði fylgiskjalsins sem ráðinu er heimilt að breyta, eru ásáttar um eftirfarandi:

I. gr.

Eftirfarandi breyting er gerð á 3. tölul. II. gr. hvalveiðisamningsins frá 1946 sem verði þannig:

„3. „hvalfangari“ merkir þyrlu eða annað loftfar eða skip sem þjónar því hlutverki að veiða, fanga, aflífa, toga, hafa tak á eða leita að hvólum.“

II. gr.

Sú breyting er gerð á 1. mgr. V. gr. hvalveiðisamningsins frá 1946 að orðið „og“ á undan h-lið fellur brott og í stað þess kemur komma og í stað punktans í lok málsgreinarinnar kemur komma og við bætist eftirfarandi málsliður: „og i) eftirlitsaðferðir.“

III. gr.

1. Öllum ríkisstjórnnum, sem eru aðilar að hvalveiðisamningnum frá 1946, er frjálst að und-

The Convention shall bear the date on which it is opened for signature and shall remain open for signature for a period of fourteen days thereafter.

In witness whereof the undersigned, being duly authorized, have signed this Convention.

Done in Washington this second day of December, 1946, in the English language, the original of which shall be deposited in the archives of the Government of the United States of America. The Government of the United States of America shall transmit certified copies thereof to all the other signatory and adhering Governments.

PROTOCOL to the International Convention for the Regulation of Whaling

The Contracting Governments to the International Convention for the Regulation of Whaling signed at Washington under date of 2nd December, 1946 which Convention is hereinafter referred to as the 1946 Whaling Convention, desiring to extend the application of that Convention to helicopters and other aircraft and to include provisions on methods of inspection among those Schedule provisions which may be amended by the Commission, agree as follows:

Article I

Subparagraph 3 of the Article II of the 1946 Whaling Convention shall be amended to read as follows:

“3. ‘whale catcher’ means a helicopter, or other aircraft, or a ship, used for the purpose of hunting, taking, killing, towing, holding on to, or scouting for whales.”

Article II

Paragraph 1 of Article V of the 1946 Whaling Convention shall be amended by deleting the word “and” preceding clause (h), substituting a semicolon for the period at the end of the paragraph, and adding the following language: “and (i) methods of inspection”.

Article III

1. This Protocol shall be open for signature and ratification or for adherence on behalf of any

- irrita bókun þessa, fullgilda hana eða gerast aðilar að henni.
2. Bókun þessi öðlast gildi þann dag er allar ríkisstjórnir, sem eru aðilar að hvalveiðisamningnum frá 1946, hafa afhent ríkisstjórn Bandaríkja Norður-Ameríku skjöl sín um fullgildingu til vörslu eða hún hefur tekið við skriflegum tilkynningum þeirra um aðild að bókuninni.
 3. Ríkisstjórn Bandaríkja Norður-Ameríku skal tilkynna öllum ríkisstjórnnum, sem hafa undirritað hvalveiðisamninginn frá 1946 eða gerst aðilar að honum, um sérhvert skjal um fullgildingu, sem er afhent til vörslu, og um aðild sem er móttekið.
 4. Dagsetning bókunar þessarar skal fara saman við þann dag er hún er opnuð til undirritunar og skal hún opin til undirritunar í fjórtán daga eftir þann dag, en að þeim tíma liðnum er aðild að henni frjáls.
 5. ÞESSU TIL STAÐFESTU hafa fulltrúar, sem til þess hafa fullt umboð, undirritað bókun þessa.

GJÖRT í Washington 19. nóvember 1956 á ensku og skal frumrit það afhent skjalasafni ríkisstjórnar Bandaríkja Norður-Ameríku til vörslu. Ríkisstjórn Bandaríkja Norður-Ameríku skal senda öllum ríkisstjórnnum, sem hafa undirritað samninginn um hvalveiðar frá 1946 eða gerst aðilar að honum, staðfest eintök af frumriti bókunarinnar.

Contracting Government to the 1946 Whaling Convention.

2. This Protocol shall enter into force on the date upon which instruments of ratification have been deposited with, or written notifications of adherence have been received by, the Government of the United States of America on behalf of all the Contracting Governments to the 1946 Whaling Convention.
3. The Government of the United States of America shall inform all Governments signatory or adhering to the 1946 Whaling Convention of all ratifications deposited and adherences received.
4. This Protocol shall bear the date on which it is opened for signature and shall remain open for signature for a period of fourteen days thereafter, following which period it shall be open for adherence.
5. IN WITNESS WHEREOF the undersigned, being duly authorized, have signed this Protocol.

DONE in Washington this nineteenth day of November, 1956, in the English Language, the original of which shall be deposited in the archives of the Government of the United States of America. The Government of the United States of America shall transmit certified copies thereof to all Governments signatory or adhering to the 1946 Whaling Convention.